

Fundargerð

196. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 18. febrúar 2014 kl. 13⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Spilliefni
- (3) Plastumbúðir
- (4) Rekstur 2013
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (195. fundar).

2. Spilliefni

Farið var yfir það að á síðasta fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs var farið yfir rökstuðning frá Efnamóttökunni og Hringrás fyrir hækkuð á greiðslum á spilliefnum en Efnamóttakan hafði óskað eftir endurskoðun á ráðstöfunargreiðslum til þjónustuaðila vegna spilliefna, þar sem Kalka hækkaði gjaldskrá sína 1.janúar 2014.

Rifjað var upp að á síðasta stjórnarfundinum kom fram að útboð Sorpu á móttöku spilliefna frá endurvinnslustöðvum (blönduð spilliefni frá heimilum) fór fram rétt fyrir jólin og að Efnamóttakan hafi unnið útboðið. Ráðstöfunargreiðsla Úrvinnslusjóðs fyrir blönduð spilliefni frá heimilum er 110 kr/kg.

ÓK fór yfir það að í lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 er miðað við að öllum spilliefnum sé skilað flokkuðum á söfnunarstöðvar og fari þaðan til þjónustuaðila. Í aðalatriðum skila heimili spilliefnum til söfnunarstöðva óflokkuðum, en fyrirtæki beint til þjónustuaðila. Í skilmálum Úrvinnslusjóðs um spilliefni er gert ráð fyrir að fyrirtæki skili efnunum flokkuðum. Efni frá söfnunarstöðvum eru flokkuð hjá þjónustuaðila. Með breytingunni sem gerð var í lok árs í fyrra þar sem gert er ráð fyrir einum flokki spilliefna frá endurvinnslustöðvum Sorpu minnkar mjög þörf á flokkun hjá þjónustuaðilum.. Stjórn fór yfir greinargerð Efnamóttökunar um mat á hækkunarþörf.

Stjórn samþykkir að halda greiðslum Úrvinnslusjóðs vegna meðhöndlunar á spilliefnum óbreyttum.

Stjórn samþykkir að fá hlutlausan aðila t.d. verkfræðistofu, til að fara yfir kostnaðargreiningu Úrvinnslusjóðs vegna meðhöndlunar á spilliefnum með það í huga að endurskoða greiðslur.

3. Plastumbúðir

ÓK fór yfir að undanfögnu hafa plastumbúðir verið til umræðu vegna fyrirhugaðrar breytingar á flokkun þeirra og ráðstöfunargreiðslu sem á að taka mið af verðmæti plastumbúða sem safnað er. Í sumum tilvikum er verðmætið neikvætt

Lögð voru fram á fundinum drög frá DELA að skilmálum/viðskiptamódeli vegna móttöku blandaðra plastumbúða. ÓK fór yfir það að þeim er ætlað að koma til móts við óskir

Úrvinnslusjóðs um upplýsingar um m.a. hlutfall rusls í mótteknum förmum. DELA hefur gefið Úrvinnslusjóði verð í plastfarma sem koma óflokkaðir frá Íslandi.

Rætt var um að leyfi þyrfti til að flytja út plastúrgang. Það þarf að skoða það hvort að einn aðili yrði með leyfi til útflutnings á plasti til DELA, þar sem að blandaður plastúrgangur er flokkaður sem „no green waste“.

Lagðar voru fram á fundinum upplýsingar um nýja flokka plastúrgangs ásamt tillögum um gjaldskrá vegna 6 flokka plasts.

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir að skipta greiðslum fyrir meðhöndlun á plastumbúðum í sex flokka. Þeir eru eftirfarandi: Filma 5 kr/kg, stíft plast 25 kr/kg, stórsekkir 25 kr/kg, herúlluplast 30 kr/kg, plast sem fer til flokkunar hjá DELA 45 kr/kg, mengaðar umbúðir til brennslu í Kólku 35 kr/kg.

4. Rekstur 2013

Lagt var fram á fundinum smámyndayfirlit um rekstur vöruflokka á síðasta ári og samanburður við rekstur árið 2012 og áætlun fyrir árið 2013.

5. Önnur mál

Rætt um gögn sem send eru til stjórnarmanna vegna stjórnarfunda.

Næsti fundur ákveðinn 4.mars 2014.

Fundi slitið kl 14:00

